

REGLUR

um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir blinda og sjónskerta.

1. gr.

Allir landsmenn, sem blindir eru eða sjónskertir, skulu eiga rétt á hvers konar sérhæfðum hjálpartækjum, sem yfirlæknir Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra eða aðrir læknar á vegum stöðvarinnar úrskurða nauðsynleg og sannanlega nýttast viðkomandi einstaklingi.

Sjónstöð Íslands skal heimilt að kaupa sérhæfð hjálpartæki til prófunar í samráði við aðrar stofnanir, svo sem blindradeildir grunnskóla, Blindrabókasafnið eða Blindrafélagið.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg hjálpartæki sem hér segir:

1. Fyrir börn og unglunga til loka skólaskyldu	100%
2. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega (= $>$ 75%)	100%
3. Fyrir 18—66 ára	70%
4. Fyrir viðhald og viðgerðir sjónhjálpartækja	100%

3. gr.

Sá, sem fengið hefur sjónhjálpartæki, getur fengið tæki á ný:

1. Þegar sjón hans eða annað ástand hefur breyst svo, að fyrri tæki verður ófullnægjandi,
2. Þegar þróun í gerð tækja veldur því, að honum nýtist ný gerð betur,
3. Þegar fyrri tæki hefur gengið svo úr sér, að það kemur ekki að notum lengur.

4. gr.

Hjálpartækin skulu vera eign Sjónstöðvarinnar. Þurfi einstaklingur ekki lengur á hjálpartæki að halda, ber að skila því til stöðvarinnar aftur. Er þá heimilt að greiða viðkomandi til baka ákveðinn hluta.

Týnist tæki eða eyðileggist, er heimilt að greiða 50% af verði nýs tækis fyrir 18 ára og yngri og 35% fyrir þá sem eldri eru.

5. gr.

Heimilt er yfirlækni Sjónstöðvar Íslands að úthluta lessjónvarpstækjum (CCTV) til láns. Skyld er að skila slíkum tækjum til stöðvarinnar, þegar þeirra er ekki lengur þörf, eða eftir þeim er kallað.

6. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 18/1984 um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. febrúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um bann við netaveiðum um páskahelgi
og bann við rækjuveiðum á árinu 1987.**

1. gr.

Frá kl. 20.00 11. apríl 1987 til kl. 10.00 árdegis 21. apríl 1987, er bátum sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 14. apríl 1987 til kl. 10.00 árdegis 21. apríl 1987 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar utan viðmiðunarlínu við Ísland eftirgreind tímabil, að báðum dögum meðtöldum:

1. 12.—21. apríl 1987.
2. 26. júlí — 4. ágúst 1987.
3. 22.—31. desember 1987.

Bann þetta tekur ekki til þeirra rækjuskipa, sem rækjuveiðileyfi fá á Eldeyjarsvæði.

4. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. febrúar 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórson.